



# Umbrot og tilfærslur

## MYNDLIST

### Íðavöllur: Íslensk myndlist á 21. öld Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið

Aðalsteinn Ingólfsson

Það er alltaf varasamt að spá, sérstaklega um framtíðina, er haft eftir þekktum spéfugli. Samt hafa söfn og sýningarstjórar ástundað það um árabíl, af misjafnlega mikilli fyrirhyggju. Við könnumst öll við myndlistarsýningar þar sem samtíminn er krufinn undir ýmsum formerkjum með allrahanda „fram-sýnum“ verkum. Slíkar sýningar eru í eðli sínu meinlausir og oft áhuga-verðir samkvæmisleikir, svo fremi sem skipuleggjendur taka sjálfa sig ekki of alvarlega. Þær geta raunar verið kærkomið tækifæri fyrir lítt þekkt hæfileikafólk og dregið fram í dagsljósið brýn viðhorf sem legið hafa í láginni. En þessar sýningar eru ekki „skráning listasögunnar“, eins og sumir aðstandendur þeirra virðast halda; sú saga verður einungis skráð af listfræðingum fjarlægrar framtíðar. Í kjölfar síðari heimsstyrjaldar var Bernard Buffet lýstur helsta vonarstjarna evrópskrar samtímalistar; í dag er leitun að fólki sem kann á honum nokkur deili.

Það er ýmislegt sem samsýning Listasafns Reykjavíkur, Íðavöllur, hefur með sér. Heiti hennar er flott, henni fylgir vönduð skrá og verkin á sýningunni gera sig (flest) vel í því rými sem þau fá. Í stuttu máli er þarna um að ræða samsýningu fjórtán ungra myndlistarmanna, átta kvenna og sex karla – sem líkast til er lýsandi fyrir kynjahlutföllin í íslenski samtímapmyndlist akkúrat nú.

Yfirlýst markmið sýningarstjóranna þriggja (Aldísar Snorradóttur, Markúsar Þórs Andréssonar og Ólafar Kristínar Sigurðardóttur) er að draga saman verk eftir „millibils kynslóð“ íslenskra myndlistarmanna, kynslóðina sem man eftir „heiminum án internets og snjallsíma“, en tekst nú á við „aukinn hraða, meiri upplýsingaflæði, óljósari landamæri, reikult kyngervi, breytt samskiptamynstur, nýja tækni“, um leið og hún man enn eftir því hvernig hlutirnir voru. „Þau upplifa endalok heimins í vissum skilningi og leggja sitt af mörkum við nýtt upphaf,“ segir í kynningu.

#### Afálitamálum

Þetta eru stór orð, sömuleiðis sú



Verk eftir Arnar Ásgeirsson vísar í eftirlitsmenninguna.



Flæðarmál eftir Styrmí Örn Guðmundsson.

staðhæfing að þátttakendur séu „leiðandi afl sinnar kynslóðar“. Rétt er að minna á að nýjabrum og næm tilfinning fyrir því hvernig veröldin veltist er ekki kynslóðabundin. Steinsnar frá Listasafni Reykjavíkur er til dæmis hálfstjótugur myndlistarmaður, Kjartan Ólason, að takast á við þennan hraða, óljósa og ógnvekjandi samtíma upp á hvern dag á vinnustofu sinni, sennilega af meiri einurð en nokkur þátttakenda á Íðavelli.

Sem tengist því sem sérstaklega sótti á mig við endurtekna athugun á þessari sýningu; nefnilega hve fáir þátttakenda eru í raun að taka á því sem brunnið hefur á okkur á síðast-

liðnum árum, öllu því sem nefnt er hér að ofan, en einnig afleiddum fyrirbærum á borð við gervigreind, endalokum einkalífsins, kóvíð og náttúruvá á heimaslóðum. Þar sem finna má ávæning af slíkum álitamálum í verkum þeirra, er það oftast nær kirfilega samfléttað annars konar og einkalegri umfjöllun, eða þá að skavankar í sjálfri uppsetningunni drepa á dreif meginatriðum þess sem menn vilja sagt hafa.

Dæmi um hið síðarnefnda er innsetning Bjarka Bragasonar, sem er sýnilega ætlað að benda á viðkvæmt ástand vistkerfanna með samanburði á gömlu plöntusafni og vídeólúppu af jarðvegsúrgangi

á safnhaugi; þar ber hið fyrrnefnda það síðarnefnda ofurliði í rýminu.

Svipað misvægi – bæði hugmyndalegs og uppsetningarlegs eðlis – skemmir sennilega fyrir Arnari Ásgeirssyni, sem skeytir saman smágerðar lágmyndir af „lyfjaneytendum“ og risastóra og afar haganlega smíðaðri tilvísun í það sem við getum kallað „eftirlitsmenningu“. Einhvers konar tengingu vantar á milli þessara tveggja þátta. Og „Myrakraherbergi“ Rebeccu Erin Moran er tæpast nógu víðáttumikið, ógnvekjandi og sexi til að vekja upp þær kenndir sem tengdar eru við slík afdrep í „alvörulöndunum“.

#### Margbrotin merkingarsvið

Í rauninni mundi stór hluti sýndra verka á þessum tiltekna „velli“ gera sig ágætlega í öðru samhengi, jafnvel undir merkjum hins einkalega og móðerníska, og þá á ég ekki eingöngu við málara tva og vefarann, Guðmund Thoroddsen, Styrmí Örn Guðmundsson og Örnú Öttarsdóttur – sem öll eru framúrskarandi á sínum „eigin“ forsendum.

Hildigunnur Birgisdóttir er síðan að leita merkingar í hinu lítilfjörlega og „ómerkilega“, efniviði sem hún tinir upp af götu sinni, rétt eins og dadaistar gerðu fyrir margt löngu. Hér má einnig spyrja sig hvað nákvæmlega verk Elinar Hansdóttur gera fyrir, „konseptið“ sem útlistað er í formála, þar sem þau koma rակleidis úr tiltölulega afmarkaðri veröld hugmyndafræðilegs mínimalisma, ganga mjög mikið út á



Rétt er að minna á að nýjabrum og næm tilfinning fyrir því hvernig veröldin veltist er ekki kynslóðabundin.

afbyggingu rýmis. Sem er kannski ekki það sem okkur er efst í huga. En eru auðvitað ágæt fyrir sinn hatt.

Stílhrein vídeóverk Doddu Maggýjar eru síðan „einkalegri“ en flest annað á sýningunni og til þess fallin að leiða áhorfandann í innheima, fremur en að tengja hann við heiminn hið ytra. Sem er væntanlega það sem höfundar sýningar eru á höttum eftir. Innsetning Önnu Rúnar Tryggvadóttur af vélvæddum trjám er sömuleiðis nokkuð vel þekkt – og helst til augljóst – tilbrigði um þemað „náttúra og vélmenning“.

Þrátt fyrir útskýringar í skrá er mér fyrrmunað að skilja hvað límbandsverk Arnars Alexanders Ámundasonar á gluggum safnsins og íslenskur torfbær á hjólum eftir Evu Ísleifsdóttur gera fyrir þau þemu sem hér eru undir. En þar er sjálfsgat um að kenna glámskyggni minni.

Í mínum huga standa tveir þátttakenda aðallega undir þeim kröfum sem ámalgaðar eru í aðfaraorðum sýningarinnar, Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Páll Haukur Björnsson. Hvorugt þeirra gefur sig út fyrir að vera sérstaklega aðgengilegt í myndlist sinni, en þegar verk þeirra eru brotin til mergjar, opnast okkur óvenjulega mörg, margbrotin og lagskipt merkingarsvið, sem í sameiningu segja okkur heilmikið um tilveru og mennsku, með sérstakri áherslu á núning mennsku og náttúru. Af þeim tveimur er Páll Haukur bæði verr í sveit settur rýmislega og torræðari. Á stundum er eins og hann teymi áhorfandann vísitandi inn í heim þekkingar- og skilningsleysis „þar sem ekkert merkir nokkuð“, eins og segir í sýningarskrá. Þar reynir, góðu heilli, á hyggjuvit áhorfandans. ■